

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitna. Hitaveita.

I. KAFLI

1. gr.

Skagafjarðarveitur, kt. 681212-0350, í gjaldskrá þessari hér eftir nefndar SKV, selja afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra fyrir SKV.

2. gr.

SKV skulu láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. SKV láta setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennslí til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. SKV ráða gerð rennslismæla og hemla og sjá um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. SKV breyta stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til SKV. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skulu SKV greiða kostnað við prófunina og leiðréttu reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en two mánuði nema kaupandi eða SKV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

SKV reka nú átta aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efnainnihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð, á Steinsstöðum, í Hjaltadal, á Höfsösi, á Hverhólum og við Langhús og Sólgarða í Fljótum. Gjöld fyrir eininguna af heitu vatni (m^3 eða l/min) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum, sem kaupa heitt vatn eftir hemli, skal vera krónur 1.059 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

Sauðárkróksveita:

Vatnsgjald kr. 2.630 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

Varmahlíðarveita:

Vatnsgjald kr. 3.985 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

Steinsstaðaveita:

Vatnsgjald kr. 1.986 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

Hjaltadalsveita:

Vatnsgjald kr. 1.986 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

Höfsösveita:

Vatnsgjald kr. 3.034 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

Sólgarðaveita:

Vatnsgjald kr. 2.630 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

Langhúsveita:

Vatnsgjald kr. 4.217 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

Hverhólaveita:

Vatnsgjald kr. 2.630 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. og 8. gr. verða krafin hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Skagafjarðarveitna, í bönkum eða pósthúsum. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

<i>Innra þvermál heimæðar</i>	<i>Heimæðargjald, kr.</i>	<i>Lengdargjald, kr./m</i>
≤ 20 mm	273.783	4.329
25 mm	446.081	4.977
32 mm	673.959	6.406
40 mm	1.183.325	6.947
50 mm	2.192.640	9.306

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal greitt samkvæmt raunkostnaði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða lengdargjald fyrir hvern lengdarmetra lagnar innan lóðarmarka umfram 25 m.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukajjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Fyrir stækkan á heimtaug skal greiða samkvæmt raunkostnaði.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli fyrir íbúðarhús og sumarhús:

<i>Innra þvermál heimæðar</i>	<i>Heimæðargjald, kr.</i>	<i>Lengdargjald, kr./m</i>
≤ 25 mm	621.591	3.787
32 mm	939.085	4.394
40 mm	1.648.755	5.302

Fyrir sverari heimæðar og aðrar byggingar í dreifbýli en íbúðarhús og sumarhús er greitt samkvæmt raunkostnaði.

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða lengdargjald fyrir hvern lengdarmetra frá stofnlögn umfram 100 m.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukajjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Fyrir stækkan á heimtaug skal greiða samkvæmt raunkostnaði.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. SKV er heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til notenda um rúmmetramæli. SKV setja upp slika mæla og sjá um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns tekur mið af orkuinnihaldi vatns á hverju svæði og skal vera:

<i>Sauðárkróksveita:</i>	kr. 111,63
<i>Varmahlíðarveita:</i>	kr. 169,47
<i>Steinsstaðaveita:</i>	kr. 84,31
<i>Hjaltadalsveita:</i>	kr. 84,31
<i>Hofsósveita:</i>	kr. 129,10
<i>Sólgarðaveita:</i>	kr. 111,63
<i>Langhúsveita:</i>	kr. 179,30
<i>Hverhólaveita</i>	kr. 111,63

Stærri notendur þar sem notkun er að lágmarki 100 þúsund rúmmetrar á ári og þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa heitt vatn á 70% afslætti. Afsláttarkjörin eiga við þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Skagafjarðarveitna.

Sprotafyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki sem vilja nýta heitavatnið sem beinan framleiðsluþátt geta einnig sótt um tímabundin 70% afslátt á heitu vatni.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 15-20 mm	kr. 1.059 pr. mán.
Fyrir mæla 25-40 mm	kr. 2.519 pr. mán.
Fyrir mæla 50 mm	kr. 3.399 pr. mán.
Fyrir mæla 65 mm	kr. 4.257 pr. mán.
Fyrir mæla 80 mm	kr. 5.039 pr. mán.
Fyrir mæla 100 mm	kr. 6.633 pr. mán.
Fyrir mæla 125 mm og stærri	kr. 8.362 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir SKV og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

SKV hafa rétt til að loka aðrennslu heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir SKV.

Allan kostnað við lokun og opnum á ný greiðir sé, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 65 mm mæli samkvæmt. 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælalestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 25–40 mm mæli samkvæmt 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni SKV skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Nr. 1444

18. desember 2020

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, 16. desember 2020 staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi feldi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1171/2019.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. desember 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafinkelsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2020